

Umsókn um starfsleyfi

vegna 4.000 tonna framleiðsla á regnbogasilungi í sjókvíum við Snæfjallaströnd í Ísafjarðardjúpi

Dýrfiskur var stofnað árið 2007 og hóf að ala regnbogasilung í sjókvíum í Dýrafirði haustið 2009. Þar hefur fyrirtækið leyfi til framleiðslu á 2.000 tonnum á ári og hyggst auka framleiðslu verulega á Vestfjörðum á komandi árum.

Dýrfiskur og systurfélag þess Arctic Oddi, sem hefur umsón með vinnslu eldisafurða félagsins, hafa nú þegar yfir 40 starfsmenn sem starfa við seiðaeldi, sjókvíaeldi og vinnslu á Vestfjörðum. Mikilvægt er að auka umfang rekstrarins til að tryggja arðbæran rekstur til framtíðar. Til að ná því marki er lögð mikil áhersla á að hafa vel menntaðan starfskraft og að efla samfélag og þjónustugreinar á Vestfjörðum.

Til að sækja um starfsleyfi þarf að senda inn umsókn sbr. lýsingu í reglugerð nr. 785/1999, um hvað á að fylgja umsókn um starfsleyfi:

10.2 Umsóknum skal fylgja eins og við á hverju sinni:

a. Lýsing á tegund atvinnurekstrar, umfangi hans og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á og upprættir af staðsetningu,

Gerð var grein fyrir umfangi eldisins og staðsetningu sjókvía í tilkynningu til Skipulagsstofnunar 20. desember 2013 og er hér vísað til þeirrar tilkynningar (viðhengi 1). Þar kemur m.a. fram að stefnt sé að því setja út í sjókvíar allt að 1.75 milljón regnbogasilungsseiði á þriggja ára fresti. Seiðin verða alin í landeldisstöð fyrirtækisins í Tálknafirði og í framhaldi af því verða þau alin í sjókvíum í 18 mánuði áður en slátrun hefst. Slátrun stendur yfir í um 12 mánuði og eldissvæðið við Sandeyri við Snæfjallaströnd verður hvílt í amk. 6 mánuði. Hámarksframleiðsla á ársgrundvelli verður 4.000 tonn, en ráðgert er að heildarframleiðsla yfir þriggja ára tímabil verði 6.700 tonn og slátrað magn 7.000 tonn.

b. Afrit af deiliskipulagi (á ekki við)

Framkvæmdin munu fara fram í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ. Eldiskvíar eru staðsettar í meira en 120 metra fjarlægð frá fjöruborði og eru því utan skipulagssvæðis sveitarfélaga.

c. Lýsing á staðháttum á vinnslustað (skilið sem framleiðslusvæði).

Vitnað er til umsóknar til Skipulagsstofnunar vegna lýsingar á staðháttum á framleiðslusvæðum á sjó (viðhengi 1).

d. Upptalning á hráefnum og hjálparefnum.

Til fóðrunar á silungnum verður notað þurrfóður framleitt úr viðurkenndum leyfilegum hráefnum s.s. fiskimjöl, fiskilýsi, repjólía, plöntumjöl, snefilefni og vítamín. Heildarmagn fóðurs til framleiðslu á 7000 tonnum af laxi yfir þriggja ára tímabil er áætlað 7.800 tonn. Áætlað er að fóðrið innihaldi að meðaltali 39% af próteini, 31% fitu og 11% kolvetni.

Önnur hjálparefni eru eldsneyti á báta, bíla og lyftara.

e. Lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í umhverfið.

Gerð er grein fyrir lífrænum úrgangsefnum frá regnbogasilungi eldiskvíum í tilkynningu til Skipulagsstofnunar (kafla 1.5 í viðhengi 1).

f. Lýsing á mengunarvörnum sem valdar eru til að hindra losun út í umhverfið.

Allar eldiskvíar verða útbúnar með svo kölluðu „Liftup“ kerfi þar sem dauðum fiski og fóðurleyfum er lyft upp í affallskassa á yfirborði, með hjálp loftdælu. Kerfið dregur úr lífrænu álagi á eldissvæðið og veitir mikilvægar upplýsingar um afföll og fóðurleifar. Fóðrun verður stýrt þannig að fóðrið nýtist sem allra best og tapist ekki í umhverfið..

g. Lýsing á áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun út í umhverfið.

Gerð verður vöktunaráætlun í samráði við Náttúrustofu Vestfjarða. Þar er um að ræða vöktun á hugsanlegum áhrifum af botnfalli á botndýralíf og lífræn næringarefni á sjávarbotni undir og í nágrenni eldissvæða. Vöktunaráætlunin verður send til Umhverfisstofnunar þegar hún liggur fyrir.

h. Lýsing á tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið.

Fyrirtækið skráir skipulega hráefnanotkun og úrgangsefni í samræmi við reglugerð nr 851/2002 og færir grænt bókhald.

i. Lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs og lýsing á ráðstöfunum um endurnýtingu úrgangs.

Við framkvæmd eldisins verður beitt bestu fánlegri tækni (BAT) sem m.a. miðast að því að draga úr afföllum. Slappur fiskur og dauðvona er fjarlægður daglega frá yfirborði eldiskvíar og dauður fiskur er fjarlægður minnst þrisvar í viku frá botni eldiskvíar. Þessi fiskur verður nýttur í dýrafóður eftir því sem kostur er.

Í tilkynningu til Skipulagsstofnunar er lýst hvernig er markvisst komið í veg fyrir uppsöfun úrgangs m.a. með því að hvíla svæði með reglulegu millibili.

Umbúðir sem falla til frá eldinu verða sendar til endunýtingar hjá Gámaþjónustu Vestfjarða.

j. Lýsing á tegund og magni úrgangs.

Magn á botnfalli frá fiskeldiskvíum er útskýrt í tilkynningu til Skipulagsstofnunar (kafla 1.4 í fylgiskjali 1). Áætlað er að 150 tonn af eldisfiski drepist á eldistímanum og vonir standa til að stærstur hluti þess geti nýst í dýrafóður.

Tómir fóðursekkir er annar úrgangur sem fellur til við framleiðsluna og mun Gámaþjónusta Vestfjarða sjá um förgun á þeim. Stefnt er að því að fódra eldisfiskinn úr fóðurpramma (sjá kafla 2.4 í fylgiskjali 1) en fóður er flutt í fóðurpramma með skipi sem dælir fóðri í fóðursílóin. Með því móti kemur ekki til notkunnar á fóðursekkjum til förgunar.

k. Lýsing á öðrum ráðstöfunum í samræmi við 14. grein í reglugerð um starfsleyfi

Á ekki við

10.3 Í umsókn samkvæmt 2. mgr. skal vera samantekt, sem er ekki á tæknimáli, um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Vísað er í kafla 4. LOKAORÐ í fylgiskjali 1

10.4 Heimilt er að leggja fram fyrirbyggjandi gögn sem unnin voru til að uppfylla ákvæði laga og reglugerða um mat á umhverfisáhrifum, reglugerða um hættumat í iðnaðarstarfsemi eða annarra viðeigandi reglna.

Vísað er í fylgiskjal 1.

10.5 [Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja eftirfarandi:

- a. Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og***

ákvæði 3. gr. reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar. Um tryggingar fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um tryggingar skipa og starfsemi á landi vegna bráðamengunar.

Vísað er í fylgiskjal 2.

b. Áætlun um viðbrögð vegna bráðamengunar, byggða á áhættumati sem tekur m.a. tillit til þátta sem fram koma í b-lið viðauka I með lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sbr. og ákvæði reglugerðar um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda

Vísað er í fylgiskjal 3.

Virðingarfyllst,



Arnar Freyr Jónsson

Verkefnastjóri hjá Dýrfiski hf.

Fylgiskjöl:

- 1) Tilkynning um stækkun í 4.000 tonna ársframleiðslu á regnbogasilungi við Snæfjallaströnd (Sandeyri) í Ísafjarðardjúpi
- 2) Tryggingarskírteini vegna mengunar hafs og stranda.
- 3) Neyðaráætlun vegna hættulegra efna.
- 4) Neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar